

Alþingi

Nokkrar athugasemdir varðandi
Drög að frumvarpi til laga
um stofnun hlutafélags um rekstur
Póst- og símamálastofnunar

Erindi nr. p 120/1970
komudagur. 713 1996

Í 7.gr. er sagt að Póstur og sími hf. skuli taka til starfa eigi síðar en 1. október 1996. Þeir kjarasamningar sem nú eru í gildi eru til 31.12. 1996. Ekki er getið um hvernig skuli að farið varðandi þá eða hvernig nýir samningar skuli koma í þeirra stað.

8. gr.

Þær fullyrðingar sem þar eru virðast vera mjög hæpnar varðandi það að starfsmenn muni halda réttindum sínum hjá nýja félaginu. Réttarstaða starfsfólks hlýtur að breytast mikið við það að verða starfsmenn á almennum markaði enda er beinlínis gert ráð fyrir því í lögnum. Allt sem sagt er um biðlaun verður að teljast afar hæpið, svo ekki sé meira sagt, enda nýfallinn dómur varðandi rétt opinberra starfsmanna varðandi biðlaunarétt. Trygging starfsmanna varðandi biðlaun hjá hinu nýja félagi er nánast enginn og virðist því allt sem sagt er um það vera meira og minna marklaust. Hvað er það t.d. sem getur bannað hinu nýja félagi að segja starfsfólki upp og ráða síðan á nýjum kjörum?

Benda verður á, að bæði í Svíþjóð og Danmörku þar sem biðlauna réttur starfsmanna var allt að þrisvar sinnum meiri en hérlendis, var annar háttur hafður á við afgreiðslu á biðlaunarétti. T.d. mætti hugsa sér þá útfærslu að starfsmenn héldu biðlaunarétti sínum í 10 ár, en fengu þau greidd væri þeim sagt upp á því tímabili eða ef staða þeirra væri lögð niður, en biðlaun féllu niður að þeim tíma loknum.

13. gr.

Hvernig skal háttað samningum þeirra er starfa við öryggisþjónustu? Eiga þeir að hafa verkfallsrétt eins og aðrir launþegar? Þessu er ekki þannig varið í dag gagnvart þeim er starfa að þessum málum.

Hvergi er minnst á það í drögunum hvernig samningum við starfsfólk skuli háttað, hverjir skuli semja fyrir starfsmenn, hvort þau félög sem nú eru samningsaðilar skuli vera það áfram eða hvort starfsfólk skuli ganga inn í kjarasamninga annarra félaga innan A.S.Í.

Allt varðandi samninga starfsfólks við Póst og síma hf. er því í lausu lofti nú og hefur skapað óöryggi og hræðslu hjá fólki varðandi formbreytinguna.